



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Félag atvinnurekenda
b.t. Almars Guðmundssonar
Kringlunni 7
103 REYKJAVÍK

1. október 2013
Tilvísun: 2013010017/11.0

**Efni: Erindi Félags atvinnurekenda varðandi tímabundna starfsemi samkvæmt
1. mgr. 22. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki**

Í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) má finna heimild fyrir viðskiptabanka, sparisjóði og lánaþyrirtæki til að stunda aðra starfsemi en þá sem talin er upp í IV. kafla laganna. Skal starfsemin vera tímabundin og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 161/2002 segir að með orðunum endurskipulagning á starfsemi viðskiptaaðila er átt við svokallaða fjárfestingabankastarfsemi.

Er viðkomandi fjármálafyrirtæki tekur yfir eignarhluti í fyrirtæki eða telst vera að stunda starfsemi að öðru leyti, t.d. með atkvæðarétti eða stjórnarsetu, skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Tilkynningarform ásamt viðeigandi upplýsingum má finna á heimasíðu eftirlitsins. <http://www.fme.is/thjonustugatt/hlidar-og-timabundin-starfsemi/>

Í dag eru 72 félög skráð sem tímabundin starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja, skv. 1. mgr. 22. gr. fftl. en eignarhlutirnir eru misstórir.

Með lögum nr. 75/2010 um breytingar á lögum nr. 161/2002 kom inn ákvæði er takmarkaði heimildir fyrrgreindra fjármálafyrirtækja til að stunda tímabundna starfsemi við 12 mánuði. Ef þátttaka í annarri starfsemi varir lengur en í 12 mánuði getur Fjármálaeftirlitið framlengt tímafrestinn. Þá skal senda umsókn þess efnis til Fjármálaeftirlitsins. Umsóknareyðublað um aukinn frest til að stunda tímabundna starfsemi má einnig finna á heimasíðu eftirlitsins.

Lög nr. 75/2010 tóku gildi 25. júní 2010 og rann því út heimild til að stunda aðra starfsemi, sem komið hafði til fyrir 25. júní 2010, þann 25. júní 2011. Frá þeim tíma hefur verið tilkynnt um eignarhluti í alls 213 félögum sem falla undir að vera tímabundin starfsemi fjármálafyrirtækja en Fjármálaeftirlitið heldur ekki sérstaklega utanum fjölda umsókna um aukinn frest til að stunda tímabundna starfsemi. Frá gildistöku laganna og frá því stofnunin fór að halda utanum fjölda tilkynninga um tímabundna starfsemi fjármálafyrirtækja hefur fjöldinn verið þessi. Í ársbyrjun 2011 var búið að tilkynna um 135 félög til Fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2011 var tilkynnt um 63 eignarhluti, á árinu 2012 um 11 eignarhluti og á árinu 2013 hefur verið tilkynnt um 4 eignarhluti í tímabundinni starfsemi fjármálafyrirtækja. Unnið hefur verið úr öllum umsóknum sem borist hafa og eru engar umsóknir um aukinn frest óafgreiddar hjá eftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið skoðar hverja umsókn ítarlega og metur stöðu hvers fyrirtækis heildrænt. Tekið er mið af stærð og umfangi þeirra og fjárhagsstöðu. Að auki er m.a. skoðað hvort félagið sé í söluhæfu ástandi, hvort fjárhagslegrar endurskipulagningar sé þörf eða hvort endurskipulagning hafi farið fram.

Fjármálaeftirlitið hefur farið fram á að fjármálafyrirtæki slíti fyrirtækjum í tímabundinni starfsemi, endurskipulagði þau eða selji fyrirtæki/eignarhluti í sinni eigu. Í þeim tilvikum þar



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

sem Fjármálaeftirlitið veitir fjármálafyrirtækjum aukinn frest til að stunda tímabundna starfsemi er tekið mið af stöðu viðkomandi fyrirtækis og eru því veittir frestir mis langir.

Fjármálaeftirlitið hefur átt samstarf við Samkeppniseftirlitið, þegar við hefur átt, við veitingu viðbótarfresta og horft til stöðu félaga sem verið er að sækja um fresti fyrir út frá samkeppnislegum sjónarmiðum og aðstæðum á íslenskum markaði. Á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins er að finna ákvarðanir er lúta m.a. að yfirtökum fjármálafyrirtækja á félögum í óskyldum rekstri en því til viðbótar hefur verið leitað áhlits eða upplýsinga frá Samkeppniseftirlitinu þegar við hefur átt.

Hugtakið fjármálafyrirtæki er skilgreint í 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. a fttl. sem viðskiptabanki, sparisjóður, lánaþyrirtæki, verðbréfaþyrirtæki, verðbréfamiðlun eða rekstrarfélag verðbréfasjóða sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt 6. gr., sbr. 4. gr. laganna. Starfsleyfi flestra fjármálafyrirtækja í slitameðferð hafa verið afturkölluð og teljast fyrirtækin því ekki til fjármálafyrirtækja í skilningi 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. a fttl. Af því leiðir að flest ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, þ. á m. 22. gr. laganna, eiga ekki við um starfsemi framangreindra fyrirtækja og hefur Fjármálaeftirlitið því ekki eftirlit með eignarhaldi slitastjórna fjármálafyrirtækja á fyrirtækjum.

Í meðförum Alþingis voru gerðar breytingar á frumvarpi því er varð að lögum nr. 75/2010. Meirihluti viðskiptanefndar Alþingis rökstuddi meðal annars breytingartillögu sína varðandi 22. gr. fttl. með eftirfarandi orðum: *Með því að setja inn ákveðin takmörk á því hversu lengi fjármálafyrirtæki verði heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi nær til getur verið hætt á að verðmæti eignar rýrni. Tímamarkið eykur líkur á að fjárfestar bíði eftir síðasta söludegi eignar til að fá hana á sem lægstu verði. Meiri hlutinn leggur til að Fjármálaeftirlitið birti ekki opinberlega lengd tímafrests sem veitur er umfram 12 mánuði til að koma í veg fyrir að fjárfestar bíði fram til loka hans í þeirri von að eignin fáið fyrir lítið.*

Fjármálaeftirlitið mun ekki veita upplýsingar um hve langir frestir hafa verið veittir né hvaða fyrirtæki hafa fengið samþykki eftirlitsins um aukinn frest þar sem slíkar upplýsingar eru til þess fallnar að skaða þann markað sem fyrirtækin starfa á. Aukin hætt er á að hugsanlegir fjárfestar myndu einfaldlega bíða þar til frestur sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt rennur út og freista þess að kaupa félagið er það er neytt í sölu. Fjármálaeftirlitið mun heldur ekki veita upplýsingar um hvaða félög hafa ekki fengið framlengdan frest vegna sömu ástæðu og nefnd er hér að framan.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Skúli Magnússon
Skúli Magnússon